

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Desember 2021

Skráð atvinnuleysi í desember var óbreytt frá nóvember og mældist 4,9%

Skráð atvinnuleysi var 4,9% í desember og var óbreytt frá nóvember. Alls fjölgaði atvinnulausum að meðaltali um 74 frá nóvembermánuði.

Atvinnulausir voru alls 10.161 í lok desember, 5.756 karlar og 4.405 konur. Atvinnulausum körlum fjölgaði um 37 frá nóvemberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 31.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 9,3%. Þar fækkaði atvinnulausum um 18 frá fyrri mánuði.

Næst mest var atvinnuleysið 5,0% á höfuðborgarsvæðinu en þar minnkaði það úr 5,1% frá fyrri

mánuði. Á landsbyggðinni jókst hins vegar atvinnuleysið um 0,2 prósentustig og var 4,8% í desember.


Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni aukast í janúar og verða á bilinu 5,1% til 5,3%.

Alls höfðu 3.802 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember og fækkaði um 281 frá nóvember. Hins vegar voru þeir 4.213 í desemberlok 2020 og hefur þeim því fækkað um 411 frá desember 2020.

Alls komu inn 408 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 85%, önnur teljast almenn störf.

Alls voru 4.289 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 114 frá fyrri mánuði.

Próun atvinnuleysis des. 2019 til des. 2021



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi jókst á landsbyggðinni sem heild og var 4,8% í desember og jókst úr 4,6% í nóvember. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 5,0% og minnkaði úr 5,1% í nóvember. Atvinnuleysi á landinu öllu breyttist hins vegar lítið eins og áður kom fram.


Atvinnuleysi jókst alls staðar á landsbyggðinni nema á Suðurnesjum þar sem það minnkaði lítilsháttar svo og á Vestfjörðum. Á Norðurlandi vestra urðu litlar breytingar. Hlutfallslega jókst atvinnuleysið mest á Austurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi eystra og á Suðurlandi.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 9,3% og minnkaði úr 9,5% í nóvember. Næst mest var atvinnuleysið 5,0% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 5,1% í nóvember.

Minnst var atvinnuleysi í desember á Norðurlandi vestra 2,1%, á Austurlandi 2,5% og á Vestfjörðum 2,7%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í nóvember og desember.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 5,3% meðal karla og 4,6% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 2,6% og atvinnuleysi

kvenna 1,6% og á Norðurlandi eystra þar sem það var 4,5% meðal karla og 4,4% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í desember.

Almennt atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 10.161 í lok desember, 5.756 karlar og 4.405 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 37 frá nóvemberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 31.

Alls voru 1.005 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok desember og hefur þeim fjölgað um 13 frá nóvemberlokum en fækkað um 1.282 frá desember 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 2.287.

Lengd á skrá

Alls höfðu 3.802 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember og fækkaði um 281 frá nóvember. Hins vegar voru þeir 4.213 í desemberlok 2020.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði talsvert frá nóvember eða um 156 og voru 1.651 í lok desember en 1.807 í lok nóvember. Í desember 2020 var þessi fjöldi 6.661.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum í lok desember fækkaði frá lokum nóvember m.a. í opinberri þjónustu, í ferðaþjónustu, farþegaflutningum, í sérfræðiþjónustu, í verslun og í upplýsingatækni. Þeim fjölgaði hins vegar frá nóvemberlokum í byggingariðnaði, í gisti- og veitingaþjónustu og í ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá nóvemberlokum aðallega meðal sérfræðinga og sérmenntaðra, í þjónustustörfum og í sölu- og afgreiðslustörfum en fjölgaði meðal annars á meðal verkafólks og iðnaðarmanna.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.289 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 114 frá nóvember. Mesta hlutfallslega fjölgun atvinnulausra frá nóvember var í iðnaði/hráefnavinnslu, gisti- og veitingaþjónustu og í mannvirkjagerð. Hins vegar fækkaði atvinnulausum lítilsháttar m.a. í ýmsri ferðaþjónustu og í verslun.

Þessi fjöldi samsvarar um 11,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 42,2% í desember og hefur aukist úr um 40% frá sumri 2021. Í desember 2020 var þetta hlutfall 40,9% allra atvinnulausra.



Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.085 sem er tæp 49% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok des. 2021




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi


Í desember gaf Vinnuálastofnun út 155 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 133 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 62 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 93 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 40 leyfi. Þá var gefið út 31 námsmannaleyfi og eins 31 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 32% og 27% vegna þjónustustarfa. Um 21% voru vegna starfa verkafólks. Um 20% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2021



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, desember 2021



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 24 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2021 með samtals 119 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 462 í desember á vegum 16 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 51%, 21% frá Litháen og 15% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 13% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 127 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 68 einstaklingar, 16 fóru til Slóvakíu og 10 til Litháen. Þá voru gefin út 33 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í desember voru gefin út 77 slík vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 27 vottorð, 14 vottorð voru gefin út til Tékklands og fimm til Spánar. Þau sem eftir standa, eða 31 vottorð, voru gefin út til 13 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í desember

Alls komu inn 408 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar- og sérfræðistörf eða 147 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 85%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 62% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurnesjum og 7% bæði á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Þá eru 11% annars staðar á landinu.

Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í atakinu Hefjum störf ef smellt er á eftirfarandi hlekk:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	147	36%
Þjónustustörf	53	13%
Afgreiðslustörf	50	12%
Iðnaðarmenn	57	14%
Bændur og fiskimenn	2	0%
Verkafólk í þjónustu	99	24%
Samtals	408	100%

konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið og almennt tölvunám. Þá voru 419 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 226 einstaklingar voru skráðir í úrræðið. Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í desember unnu 48 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 3.310 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir eða 3.272 á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í desember tóku 4.648 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 388 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 257 einstaklingar á ýmiss

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í desember 2021



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum